

# Eystrahorn

10. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 14. mars 2019

www.eystrahorn.is

## Verksmiðjan 2019

Í síðustu viku kom tónlistarmaðurinn Daði Freyr á Höfn ásamt myndatökumanni sjónvarps að taka upp innslög fyrir sjónvarpsþáttinn Verksmiðjan 2019. Í þættinum er ungt fólk hvatt til þess að hanna og fylgja eftir hugmyndum sínum í hönnunarkerppni. Þátturinn fjallar einnig um iðngreinar og nýsköpun. Í kjölfar þess að Fab Lab smiðjurnar á Íslandi urðu samstarfsaðilar RÚV í þessari þáttagerð, kom upp hugmynd að blanda hljóðfærasmíði inn í þættina. Nokkrir starfsmenn RÚV höfðu þá hlustað á fyrirlestur í tengslum við annað verkefni um Virdós og öll þau óvenjulegu hljóðfæri sem búið var að smíða í Fab Lab Hornafirði. RÚV réð svo Daða Frey sem annan þáttarstjórnandann í Verksmiðjunni og fljótlega var ákveðið að hann myndi

smíða hljóðfæri í Virdós stíl. Undanfarnar vikur hafa svo farið í það að þróa hljóðfærið, en megin hugmyndin er að nota Midi lyklaborð sem er ekki ósvipað litlu hljómborði. Breyta því í Keytar sem er einhverskonar hljómborðsgítar og búa til LED skjá. Þannig að þegar spilaðar eru nótur á hljóðfærið þá koma ákveðin ljós á skjáinn. Tökudagarnir hér á Höfn gengu mjög vel og allir vel undirbúnir í það verkefni. Hægt var að sýna útlit hljóðfærisins og ýmsa notkunarmöguleika þó að hljóðfærið sé á þróunarstigi og töluverð vinna eftir þangað til það verður fullbúið. Sérstaklega er mikil vinna eftir í forritunarhlutanum en hingað til hefur verið notast við Arduino iðntölvur til að keyra stýringuna. Arduino er þó á mörkunum að geta höndlað það verkefni, en



Vilhjálmur ásamt Daða Frey

mikinn vinnsluhraða þarf til þess að geta móttakið Midi skilaboð og send á 300 litlar RGB perur. Hafnarbúiinn **Páll Kristjánsson** forritunarsníllingur hefur verið mér innan handar en það er ómetanlegt að geta fengið hjálp frá manni sem hefur eins mikla reynslu og hann hefur. Við hlökkum til að halda áfram með þetta verkefni og vinna með Daða Frey og RÚV. Að lokum má minnst á það að Aron Freyr í 8.bekk Grunnskóla Hornafjarðar sem hefur verið mjög duglegur í Fab Lab hefur nú komist áfram í keppninni. Fyrst inn í 30 hugmynda úrtakið og svo aftur inn í 10 hugmynda úrtakið með verkefninu Eltívekjari. Það verður nóg að gera hjá Aroni á næstu vikum að smíða frum eintak af Eltívekjaranum fyrir lokakeppnina.

Vilhjálmur Magnússon  
Forstöðumaður Vöruhúss  
og Fab Lab smiðju Hornafjarðar



Aron Freyr og þrívaddarteikning af Eltívekjaranum




Daði að vinna í LED skjánum

## Mottumars, karlar og krabbamein.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt hafa Krabbameinsfélag landsins, síðustu ár tileinkað marsmánuði krabbameinum hjá körlum og er Krabbameinsfélag Suðausturlands engin undantekning. Þriðjudaginn 19. mars kl. 20:00 mun Krabbameinsfélag Suðausturlands standa fyrir fræðslukvöldi í sal Ekru. Jóhann Johnsen læknir verður með fræðsluerindi og Karlakórinn Jökull mun taka lagið. Við hvetjum að sjálfsögðu alla karlmenn, unga

sem aldna, til að mæta og taka vini sína með. Mottumars sokkarnir hafa verið til sölu á ýmsum stöðum s.s. í Nettó, Húsmiðjunni, Lyfju og einnig á krabb.is. Félagið hvetur alla til að klæðast sokkunum á Mottudaginn, föstudaginn 15. mars, og sýna þannig körlum táknrænan stuðning í verki. Hvetjum vini, vandamenn og samstarfsfélaga að taka þátt í átakinu og ekki væri verra ef starfsmenn vinnustaða tækju sig saman og efndu til skemmtilegra leikja í tengslum við daginn!

Krabbameinsfélagið hvetur hópa til að gera eitthvað skemmtilegt saman og láta mynda sig á ýmsan hátt og senda á [mottumars@krabb.is](mailto:mottumars@krabb.is) eða setja á facebook eða instagram síðu átaksins.



Krabbameinsfélag Suðausturland.

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



**Hafnarkirkja**  
Messa sunnudaginn 17. mars  
kl. 11:00

Samkór Hornafjarðar syngur undir stjórn Jörge Sondermann. Aðalsafnaðarfundur Hafnarsóknar og aðalfundur kirkjugarðanna eftir messu á Hótel Höfn. Verið hjartanlega velkomin.

Prestarnir


**AÐALFUNDUR**

**Sjálfstæðisfélaga Austur-Skaftafellssýslu verður haldinn 26. mars n.k. kl 17 í húsi félagsins að Kirkjubraut 3**

**Dagskrá:**


- Skýrsla stjórnar
- Reikningar
- Kosningar
- Önnur mál

Stjórnin



**Fiskbúð Gunnhildar**

Opnum aftur mánudaginn 18. mars.  
Opið frá kl. 14:00 til 18:00  
Verið velkomin  
Fiskbúð Gunnhildar



**Aðalsafnaðarfundur Hafnarsóknar og aðalfundur kirkjugarðanna** verða haldnir eftir messu sunnudaginn 17. mars nk. kl. 12:00 á Hótel Höfn (boðið upp á súpu og meðlæti).

Dagskrá, venjuleg aðalfundarstörf.

1. Skýrsla sóknarinnar og kirkjugarðanna
2. Ársreikningar og fjárhagsáætlanir
3. Kosningar
4. Önnur mál


Sóknarnefnd og stjórn kirkjugarðanna

**Tölt með tilgang**



+Laugardaginn 16.3  
+Frá sundlauginni  
+kl.11 - 12:30  
+Fritt í sund fyrir töltara  
+Munið fjölmota poka og hanska

Allir velkomnir!



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi: HLS ehf. Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Ritstjóri og Umbrot: Tjörvi Óskarsson  
Ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson Prentun: Lítlaprent  
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is ISSN 1670-4126



**FÉLAGSSTARF**  
**FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA**

**SAMVERUSTUND** föstudaginn 15. mars. kl. 17:00.  
Við skoðum myndir úr félagsstarfi feH á síðasta ári. Látum sönginn óma. Alltaf gaman að kíkja á myndir og syngja!  
Umsjón : Haukur Helgi.

**Miðvikudaginn 20. mars kl. 15:00** í Ekrusalnum. Ólöf I. Björnsdóttir fjármálastjóri sveitarfélagsins og Bryndís Bjarnason upplýsingafulltrúi koma á fund og fræða okkur m.a.um fasteignagjöld ofl. sem við viljum vita um.  
Félagar FeH og allir 60+ velkomnir

**AÐALFUNDUR** félagsins er sunnudaginn 24. mars kl. 15.00 í Ekrusalnum

Stjórn FeH

**Andlát**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

**Ásbjörn Þórarinnsson**  
Víkurbraut 30,  
Höfn í Hornafirði

Lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði föstudaginn 8. mars.

**Útförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 16. mars kl. 10.30**

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á gjafa- og minningarsjód Skjólgarðs.

*Vigdís Halldóra Vigfúsdóttir*  
*Sonja Guðrún Ásbjörnsdóttir – Ingi Þór Sigurgeirsson*  
*Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson – Fjóra Hrafnskeldóttir*  
*Birnir Vilhelm Ásbjörnsson – Silja Gylfadóttir*  
*Barnabörn og barnabarnabörn*



**Húsnæði óskast**


Reglusöm hjón óska eftir íbúð/húsi til leigu á Höfn eða í nágrenni. Bæði í fastri vinnu á svæðinu, reyklus og gælundýralaus. Peninga- eða bankatrygging í boði.

**Sigurður s: 845-8855**

**AÐALFUNDUR Ríkis Vatnajökuls ehf. 2019**

Aðalfundur Ríkis Vatnajökuls ehf. 2019 verður haldinn á Hótel Höfn miðvikudaginn 3. apríl nk. kl. 14:00-16:00. Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um einkahlutafélag nr.138/1994.

F.h. stjórnar Ríkis Vatnajökuls ehf.  
Olga M. Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri



**FERMINGARTILBOÐ**

Rúm  
verð frá 89.400kr  
dýnuhlíf fylgir með.  
Verið velkomin

**Húsgagnaaval**

Símar: 478-2535 / 898-3664  
Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

## Er Suðurland uppselt?

Suðurland er að mörgu leyti orðið þroskað ferðamannasvæði enda löng hefð fyrir móttöku gesta í landshlutanum og Sunnlendingar þekktir fyrir gestrisni. Ferðamenn sem fara um Suðurland eru stórt hlutfall af heildarfjölda ferðamanna sem koma til landsins. Árið 2018 var heildarfjöldi ferðamanna til Íslands um 2,3 milljónir og af þeim komu um 1,7 milljónir á Suðurland. Talsverður munur er þó á milli svæða innan landshlutans þar sem sum svæði fá mikinn fjölda ferðamanna á meðan önnur svæði fá tiltölulega fáa gesti. Oft heyrir að fjöldi ferðamanna á Íslandi og sérstaklega á ákveðnum ferðamannastöðum sé orðinn of mikill og þá vaknar spurningin, er Ísland orðið uppselt? Sum svæði eru eflaust orðin þétt setin á ákveðnum tímum eða tímabilum. Rannsóknir hafa verið gerðar á félagslegum áhrifum ferðamennsku á samfélagið og sýna þær að þrátt fyrir að sumstaðar kvarti heimamenn yfir of mörgum ferðamönnum þá finnst þeim á sama tíma ferðaþjónusta mikilvæg fyrir þróun atvinnulífs

og byggðar. Einnig hafa komið fram visbendingar í rannsóknum, á þolmörkum ferðamanna á ákveðnum ferðamannastöðum, að fjöldi ferðamanna sé farinn að hagrif á upplifun þó svo almennt finnst ferðamönnum fjöldi annarra ferðamanna hæfilegur. Á Suðurlandi eru fjölmargir staðir og svæði sem fá tiltölulega fáa gesti og þar er árstíðarsveiflan ennþá mikil. Þessi munur á milli svæða, innan landshlutans, er ekki endilega tengdur nálægð við höfuðborgarsvæðið eða flugvöllinn í Keflavík. Töluverður munur er t.d. á fjölda ferðamanna í uppsveitum Árnessýslu, þar sem mikill fjöldi ferðamanna fer Gullna hringinn, og í Ölfusi eða Flóahreppi en allt eru þetta svæði í svipaðri fjarlægð frá flugvöllum og höfuðborgarsvæðinu. Eins er hægt að nefna muninn á Vík, sem er vinsæll áfangastaður ferðafólks, og Pykkvabæ eða Vestmannaeyjum þar sem fjölmörg tækifæri felast í aukningu í fjölda ferðamanna. Það er mikilvægt að styrkja Suðurland



sem ferðamannasvæði í heild sinni til þess að styðja við jafnari dreifingu ferðamanna í landshlutanum. Byggja þarf upp ferðaleiðir og ferðamannastaði sem geta tekið á móti fleiri gestum en einnig þarf að setja fram virka stýringu á fjölmennustu ferðamannastöðunum. Hægt er að gera það með ýmsu móti, til dæmis með bættu skipulagi á staðnum eins og uppbyggingu göngustíga eða staðsetningu bílastæða. Á sumum stöðum getur

verið þörf fyrir aðgangsstýringu eins og lokanir/takmarkanir vegna ágangs eða stýra dreifingu gesta yfir daginn.

Markaðsstofa Suðurlands er hluti af stoðkerfi ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Tilgangur hennar er m.a. að hafa yfirsýn, gæta hagsmuna og veita upplýsingar um atvinnugreinina. Þessi grein er liður í að efla umræðu og fræðslu um áhrif ferðaþjónustu á svæðinu.

**AÐALFUNDUR UMF** Mána verður haldinn þriðjudaginn **19. mars kl. 20:00** í Mánagarði. Venjuleg aðalfundarstörf. *Stjórnin*



## Pókermót

FÖSTUDAGINN 15. mars kl. 20:00  
2+2+2 Öldugangur (Þriggja stafla mót)  
á Hafinu, hægt að komast inn til kl.22:00



### Spennandi sumarstörf hjá Heilbrigðisstofnun suðurlands á Hornafirði

Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Hornafirði auglýsir eftir:

- Hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á hjúkrunar- og dvalard.
- Almennir starfsmenn á hjúkrunar- og dvalardeild
- Ræstingar á hjúkrunardeild og heilsugæslu
- Starfsmann í eldhúsi
- Ljósmyndur á heilsugæslu
- Sjúkraliða í heimahjúkrun
- Móttökuritari á heilsugæslu
- Starfsmann í dagvist eldri borgara í Ekrinni

Upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu HSU Hornafirði (<http://hsu.hornafjordur.is>) og í síma 470-8600. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2019.

Hornafjörður er blómstrandi 2300 manna samfélag. Höfn, stærsti þéttbýlisstaðurinn er öflugur útgerðarþær. Í sveitarfélaginu eru tveir grunnskólar og tveir leikskólar. Framhaldskóli og rannsóknasetur Háskóla Íslands eru í Nýheimum Menningamiðstöð Hornafjarðar ásamt almenningsbókasafni, starfstöðvum Matis, Nýsköpunarmiðstöðvar, Austurbrú framhaldsfræðslu og Búnaðarsambandi Suðurlands. Fjölbreytt félagsstarf er í sveitarfélaginu, ný almenningssundlaug, íþróttahús, líkamsræktarstöð og knattúsi. Samgöngur eru greiðar, beint flug er til Hafnar og Strætó getur til Hafnar frá Reykjavík.



### Staða hjúkrunarfræðings hjá Heilbrigðisstofnun suðurlands á Hornafirði

Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Hornafirði auglýsir eftir:

Hjúkrunarfræðingi í afleysingar í eitt ár vegna fæðingarorlofs með möguleika á, að geti orðið föst staða.

Upplýsingar um starfið veitir Helena Bragadóttir hjúkrunarstjóri HSU Hornafirði á netfanginu [helenab@hornafjordur.is](mailto:helenab@hornafjordur.is) eða í síma 470-8600.

Upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu HSU Hornafirði (<http://hsu.hornafjordur.is>) og í síma 470-8600. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2019.

Hornafjörður er blómstrandi 2300 manna samfélag. Höfn, stærsti þéttbýlisstaðurinn er öflugur útgerðarþær. Í sveitarfélaginu eru tveir grunnskólar og tveir leikskólar. Framhaldskóli og rannsóknasetur Háskóla Íslands eru í Nýheimum Menningamiðstöð Hornafjarðar ásamt almenningsbókasafni, starfstöðvum Matis, Nýsköpunarmiðstöðvar, Austurbrú framhaldsfræðslu og Búnaðarsambandi Suðurlands. Fjölbreytt félagsstarf er í sveitarfélaginu, ný almenningssundlaug, íþróttahús, líkamsræktarstöð og knattúsi. Samgöngur eru greiðar, beint flug er til Hafnar og Strætó getur til Hafnar frá Reykjavík.

LISTA- OG MENNINGARSVIÐ FAS OG LEIKFÉLAG HORNAFJARÐAR

KYNNA



# FÍLA- MAÐURINN

LEIKSTJÓRI:

STEFÁN STURLA

FRUMSÝNING - 22. MARS KL. 20:00  
ÖNNUR SÝNING - 23. MARS KL. 20:00  
ÞRÍÐJA SÝNING - 24. MARS KL. 16:00  
FJÖRÐA SÝNING - 28. MARS KL. 20:00  
FIMMTA SÝNING - 29. MARS KL. 20:00  
SJTÖTTA SÝNING - 30. MARS KL. 20:00

MIÐAVERÐ: 2500 KR  
MIÐAPANTANIR Í SÍMA 8929707 (RAGNHEIMUR)  
Á MILLI 17:00-30:00 ALLA DAGA

SÝNT Í  
MÁNAGARÐI

Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands ses. verður  
haldinn á Hótel Klaustri, Kirkjubæjarklaustri  
þriðjudaginn 26. mars 2019 kl. 19:30

Á eftir venjubundnum fundarstörfum verða haldin  
þrjú erindi á vegum Náttúrustofu Suðausturlands.

- Jökulvötn í Skaftárhreppi: Pálína Pálsdóttir.
- Myndun jökullóna við sunnanverðan Vatnajökul á 20. öld og breytingar á þeim: Snævarr Guðmundsson.
- Hin skaftfellska fugl aparadís: Lilja Jóhannesdóttir.

Kaffi, te og veitingar í hléi.

Allir velkomnir og hvattir til að  
mæta.

*Stjórnin*



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

## Hreinsunardagar

Hreinsunardagar í sveitarfélaginu verða dagana 23. til  
30. apríl.

Íbúar og fyrirtæki eru hvött til að taka til í nánasta  
nágrenni eftir fok vetrarins, sér í lagi plast í girðingum.

Nánara skipulag verður auglýst síðar.

*Starfsmenn Áhaldahúss.*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí: 4708000 / www.hornafjordur.is

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir tilboðum í verkið „Vöruhúsið,  
Hafnarbraut 30 miðstöð skapandi greina – febrúar 2019“ eins og því  
er lýst í útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim  
reglum sem um það gilda.

### Lauslegt yfirlit yfir verkið

Fyrirhugaðar eru heildar endurbætur innandyrna í Vöruhúsinu sem  
verður gert í áföngum. Reiknað er með 4 áföngum. 1. áfanga er  
lokið og vinna við 2. áfanga er að klárast.

Þetta útboð er 3. áfangi og snýr aðallega að endurbótum á  
miðhæð hússins (1. hæð).

Svæðið sem um ræðir innandyrna er í dag nýtt fyrir myndlist og  
textíl vinnslu, smíðastofu og smíðakennslu, o.fl.

### Helstu verkþættir:

Flest allir innveggir og niðurlengd loft ásamt  
öllum lögnum er í þeim er, gólfefnum, ljósum og  
öðrum lögnum í loftum er rífið og fargað samkvæmt ríflaplani.  
Þá er einnig sögun/brot á burðarvirki vegna nýrra lagnaleiða  
sem og vegna lyftuganga á milli hæða. Allt innandyrna verður  
svo endurinnréttað á þessu svæði í húsinu samkvæmt viðeigandi  
teikningum/verklýsingum hönnuða. Nýir léttir veggir, ný lofta og  
gólfefni samkvæmt teikningum. Nýjar lagnir þ.e. fráveita, hita og  
neysluvatn, loftræstilagnir og raflagnir. Viðgerðir/endurmálun.  
Ný anddyri full kláruð. Formuð lyftugöng innandyrna fyrir nýja  
hjólástólalyftu.

Nettó fermetrar innanhúss eru ca. 475,1m<sup>2</sup> og brúttó ca. 557,1m<sup>2</sup>

Útboðið felur í sér fullnaðarfrágang á öllum verkþáttum  
útboðsins.



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Útboðsgögn má nálgast á usb. lykli á skrifstofu Sveitarfélagsins  
Hornafjarðar að Hafnarbraut 27 Höfn frá og með miðvikudeginum  
13. mars 2019, eftir klukkan 13:00 gegn 3.000 kr. greiðslu.

Einnig er hægt að fá útboðsgögnin send án endurgjalds með  
því að senda tölvupóst á [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) og óska eftir  
því að fá send útboðsgögn í verkið „Vöruhúsið, Hafnarbraut  
30 miðstöð skapandi greina – febrúar 2019“. Þá verður sendur  
hlekkur til baka á þann stað sem hægt verður að sækja gögnin  
rafrænt. Vinsamlegast takið fram í viðfangsefni pósts „Vöruhús  
gögn“.

### Útboðsgögn

- Útboðslýsing
- Verklýsingar
- Teikningar hönnuða
- Magnskrár og tilboðsblað

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði eigi síðar en  
þriðjudaginn 2. apríl 2019 kl. 14:00, en þau verða opnuð samtímis  
í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir.  
Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.  
Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opunardeggi.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Imsland, [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) sími 470-8014 eða 894-8413  
Gunnlaugur Róbertsson [gunnlaugur@hornafjordur.is](mailto:gunnlaugur@hornafjordur.is) sími 470-8003